

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

11. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 13. desember árið 2007. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Aðaldælahrepps að Iðjugerði og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Jóhannes Steingrímsson, Eiður Árnason, Helgi Hallsson, Sigurður Ólafsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

- 200711121 – Björn G. Yngvason sækir um framlengingu á stöðuleyfi gistiskála að Skútustöðum 2**
Gistiskálarnir fengu stöðuleyfi til eins árs árið 2004. Teikningar eru unnar af Yngva Ragnari Kristjánssyni.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að veita stöðuleyfi til eins árs. Byggingarnefnd leggur áherslu á að deiliskipulagi verði hraðað.
- 200710122 – Umsókn um leyfi til að setja risbak á gistiskála að Skútustöðum 2**
Fjallað var um erindið á síðasta fundi nefndarinnar og þá hafnað á þeirri forsendu að stöðuleyfi væri útrunnið.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
- 200711119 – Landsvirkjun sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir við Kröfluvirkjun.**
Óskað er eftir stöðuleyfi til 8 – 10 ára.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að veita stöðuleyfið til 10 ára með fyrirvara um samþykki Eldvarnareftirlits.
- 200711106 – Norðurorka sækir um byggingarleyfi fyrir borholu og loftskiljuhús í landi Revkja, Þingeyjarsveit**
Húsið er timburhús á steiptum grunn 28,6 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Eiríki Jónssyni á Verkfræðistofu Norðurlands.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um gögnum um fullnægjandi réttindi til lands verði skilað til byggingarfulltrúa.
- 200711101 – Jónas Magnús Ragnarsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Höfðabyggð 25, Þingeyjarsveit**
Húsið er timburhús á steiptum kjallara 190,8 m² samtals. Teikningar eru unnar af Birgi Ágústssyni verkfræðingi.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda telur nefndin að húsið sé í samræmi við skipulag.
- 200711099 – Umsókn um leyfi til að klæða utan húsið að Heiðarbraut, Þingeyjarsveit**
Erindið var afgreitt af byggingarfulltrúa.
Byggingarnefnd er sammála afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

7. **200711079 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir sólstofu við íbúðarhúsið að Straumnesi, Aðaldælahreppi**
Stærð sólstofunnar er 22,6 m². Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen á Tækniþingi ehf. Var áður samþykkt en ekki byggð árið 2002.
Byggingarnefnd samþykkir erindið
8. **200709137 – Umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 7 við Arnstapa, Þingeyjarsveit**
Erindið var áður tekið fyrir á síðasta fundi nefndarinnar en þá frestað og óskað eftir umsögn umhverfis og skipulagsnefndar Þingeyjarsveitar.
Byggingarnefnd samþykkir erindið svo framarlega að ekki berist athugasemd við grenndarkynningu.
9. **200712039 – Indriði Úlfsson sækir um byggingarleyfi fyrir geymsluhúsnæði að Héðinshöfða 1**
Undirritað samþykki annara landeigenda liggur fyrir.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki slökkviliðsstjóra.
10. **200712038 – Ósk um umsögn vegn endurnýjunar leyfis til reksturs veitinga- og gistihúss til handa Ferðabjónustunni Narfastöðum ehf.**
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.
11. **200712052 – Ræktunarbúið Torfunesi ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir tengibyggingu milli hesthúss og reiðhallar**
Húsið er timburhús á steiptum grunn 61,4 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Erlingi Ingvasyni hjá HS-Hönnunar-Setrið ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki elvarnareftirlits.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14⁵⁵.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Helgi Hallsson
Sigurður Ólafsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi